



Fundargerð 15. fundur stjórnar SSA 1. október 2015

Fundurinn hófst kl. 21.00 á Hótel Framtíð á Djúpavogi. Mættir voru Sigrún Blöndal, Jón Björn Hákonarson, Gauti Jóhannesson, Hákon Hansson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Stefán Rafn Grímsson og Gunnar Jónsson. Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

Stjórn SSA fundaði með þingmönnum kjördæmis fyrir stjórnarfundinn.

1. Fundargerð frá 14. stjórnarfundum SSA lögð fram til samþykkis.
2. Fjármál SSA. Formaður SSA greindi frá viðræðum framkvæmdaráðs við formann stjórnar og framkvæmdastjóra Austurbrúar. Gengið hefur verið frá samkomulagi við Austurbrú um uppgjör vegna vinnu við gerð sóknaráætlunar, kr. 900.000. Leitað verður til Jöfnunarsjóðs með mótframlag vegna vinnu við sóknaráætlunar, líkt og árið 2014. Einnig var rætt um stöðu Austurbrúar og mögulegar hækkningar á framlögum til stofnunarinnar. Málinu vísað til fundar sveitarstjóra og oddvita með formanni stjórnar og framkvæmdastjóra Austurbrúar á aðalfundi SSA 2. október.
3. Aðalfundur SSA 2015
 1. Stjórn SSA gerir eftirfarandi tillögu um framlög í Atvinnuþróunarsjóð Austurlands. „Aðalfundur SSA samþykkir að framlagið til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands verði 859 kr. per íbúa m.v. breytingu á lánskjaravísitölu. Samkvæmt samþykkt sveitarfélaganna frá því í desember í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Austurbrúar, áréttar fundurinn að framlag sveitarfélaganna til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands er tvöfalt á árinu 2016.“ Tillagan fari til meðferðar í fjárhagsnefnd.
 2. Nefndanefnd. Stjórn SSA leggur til nefndanefnd verði skipuð Önnu Alexandersdóttur (formaður), Jón Björn Hákonarson og Gauti Jóhannesson og kjörnefnd verði skipuð Gunnlaugi Stefánssyni (formanni), Gunnari Jónssyni (Fljótsdalshérað) og Rán Freysdóttir. Þá verði kjörbréfanefnd skipuð Gunnari Jónssyni (Fjarðabyggð – formaður), Eyjólfur Sigurðssyni og Gunnhildi Ingvarsdóttur.
4. Önnur mál. AS þakkaði fyrir ánægjulegt og gott samstarf um leið og hún óskar nýrri stjórn velfarnaðar. Undir þetta tóku GJ og GJ. SB þakkaði sömuleiðis sérstaklega þeim stjórnarmönnum sem nú yfirgefa stjórnina.

Fundi slitið kl. 22.40

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson



Arnbjörg Sveinsdóttir

Gauti Jóhannesson

Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson